



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

# **Aukin ábyrgð og virkni nemenda**

**Skýrsla um starfendarannsókn MS**

**Skólaárið 2007 - 2008**

**Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor**

**Menntaskólinn við Sund**

**September 2008**

## *Efnisyfirlit*

<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>1. Tilgangur og markmið</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Lýsing á framkvæmd</b> .....	<b>6</b>
2.1. Starfendarannsókn.....	6
2.2. Rannsakendur og rannsóknarefni .....	8
2.3. Samstarf við Borgarholtsskóla .....	10
<b>3. Niðurstöður og mat</b> .....	<b>11</b>
3.1. Rannsóknarniðurstöður.....	11
3.1.1. Fjölbreytni.....	11
3.1.2. Hópvinna nemenda .....	12
3.1.3. Umræður nemenda .....	12
3.1.4. Jafningjamat og sjálfsmat nemenda .....	13
3.1.5. Umræður við nemendur um kennslufræði .....	14
3.1.6. Samráð við nemendur .....	15
3.1.7. Rannsóknir annars starfsfólks .....	16
3.2. Skólasögur (PEEL sögur) .....	17
3.3. Fundir hópanna .....	18
3.4. Mat á kostum og ókostum starfendarannsókna.....	20
3.5. Mat á framkvæmda- og kostnaðaráætlun.....	22
3.6. Kynning á starfendarannsókn MS og framhaldið.....	23
<b>Lokaorð</b> .....	<b>24</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>26</b>
Fylgiskjal 1: Mat á starfendarannsókn í MS skólaárið 2007-2008 .....	30
Fylgiskjal 2: Dæmi um lokaðar spurningar til nemenda.....	32
Fylgiskjal 3: Dagskrá ráðstefnu um starfendarannsóknir .....	33
Fylgiskjal 4: Dæmi um opnar spurningar til nemenda .....	34
Fylgiskjal 5: Dæmi um matsblað í sókratískum umræðum.....	35
Fylgiskjal 6: Dæmi um jafningjamat .....	36
Fylgiskjal 7: Dæmi um skólasögu.....	37

## Samantekt

Skólaárið 2007-2008 var þriðja árið sem unnið var að þróunarverkefni um starfendarrannsóknir í Menntaskólanum við Sund. Tveir hópar störfuðu í vetur með samtals 17 þátttakendum, 13 kennarar í 10 námsgreinum, námsráðgjafi, bókasafnsfræðingur og 2 stjórnendur. Ráðgjafi hópsins er dr. Hafþór Guðjónsson, dósent við KHÍ (nú HÍ) og verkefnisstjóri er Ósa Knútsdóttir, fagstjóri í dönsku.

Tilgangurinn með starfendarrannsóknnum er að byggja upp námssamfélag í MS sem veitir starfsfólki tækifæri til að bæta sig í starfi og þróa eigin starfsaðferðir til að skapa betri skilyrði til námsárangurs fyrir nemendur. Sameiginleg markmið hópsins eru að auka meðvitund nemenda fyrir því að bera ábyrgð á eigin námi, auka virkni nemenda og beina athyglinni sérstaklega að námi. Hver starfsmaður hefur síðan sett sér sín eigin markmið í sinni rannsókn.

Starfendarrannsókn er rannsóknaraðferð til að meta eigið starf með það að markmiði að bæta það eða fá staðfestingu á að vel sé gert. Í starfi okkar í MS höfum við byggt á hugmyndum og kenningum dr. Jean McNiff en hún er írskur fræðimaður og ráðgjafi og hefur gefið út margar bækur um starfendarrannsóknir.

Lykilatriði í starfendarrannsóknnum er að afla gagna um starf sitt. Allir þátttakendur í MS skrifa dagbók eða minnispunkta og langflestir beita einnig þeirri rannsóknaraðferð að leggja spurningar fyrir nemendur sína, ýmist opnar eða lokaðar spurningar. Að auki nota starfsmenn MS ýmsar aðrar aðferðir við gagnaöflun. Þær helstu eru viðtöl við nemendur, viðtöl við bandamann, myndbandsupptökur, segulbandsupptökur, ljósmyndir og þátttökuathuganir.

Í vetur hófst samstarf við starfendarrannsóknarhóp í Borgarholtsskóla. Hóparnir héldu sameiginlegan fund með Jean McNiff og stóðu fyrir opinni ráðstefnu um starfendarrannsóknir í samstarfi við Félag áhugafólks um skólaþróun sem yfir 100 manns sóttu og stofnað var Félag um starfendarrannsóknir.

Í skýrslum þátttakenda um starfið í vetur kemur fram að kennarar fara ýmsar leiðir til að auka virkni nemenda og ábyrgð þeirra á náminu t.d. með fjölbreytni í kennsluáðferðum, hópvinnu, umræðum, jafningjamati, sjálfsmati nemenda, umræður við nemendur um kennslufræði náms og með auknu samráði við nemendur um innihald og aðferðir í námi.

Það er greinilegt á mati þátttakenda að þeir telja kosti þess að taka þátt í starfendarrannsókn mikla. Hún eflir samstarf og eykur samkennd samstarfsfólksins, hvetur fólk til að skoða og endurmeta starfshætti sína, styrkir sjálfið, hvetur fólk til að prófa nýjungar í starfi og eykur fagmennsku. Umræðufundir hópanna með ráðgjafa eru mikilvægir, veita hvatningu og auka skilning fólks á starfi hvers annars. Tímaskortur er helsti ókosturinn sem nefndur er því lítið svigrúm er á dagvinnnutíma til að sinna úrvinnslu gagna og ígrundun. Ýmsar tillögur um úrbætur á starfi hópsins komu fram t.d. að útbúa eyðublað fyrir rannsóknaráætlun, auka tækjakost og efla starf bandamanna.

Starfendarrannsóknir eru komnar til að vera í MS. Það er okkar niðurstaða að þátttaka í starfendarrannsókn sé lífsstíll frekar en afmarkað þróunarverkefni.

## Inngangur

Haustið 2005 hófst þróunarverkefni á sviði sjálfsmats í MS þar sem 11 kennarar og stjórnendur unnu að rannsóknum á eigin starfi þ.e. starfendarannsóknum (action research). Hópurinn hélt áfram næsta skólaár og þriðja árið þ.e. í vetur voru tveir hópar með samtals 17 þátttakendum í starfendarannsóknum í MS, 13 kennarar í 10 námsgreinum, námsráðgjafi, bókasafnsfræðingur og 2 stjórnendur. Ráðgjafi hópsins er dr. Hafþór Guðjónsson, dósent við KHÍ og verkefnisstjóri er Ósa Knútsdóttir, fagstjóri í dönsku. Þau hafa bæði unnið að verkefninu frá upphafi af miklum áhuga og dugnaði. Umsjónarmaður þróunarverkefnisins er Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor.

Í þessari skýrslu er fjallað almennt um starfendarannsóknina í MS en ekki einstaka rannsóknir þátttakenda þó reynt verði að gefa innsýn í þær með örfáum dæmum í kafla 3.1. um rannsóknarniðurstöður. Skýrslan byggir á rannsóknarskýrslum, skólasögum og glærum frá kynningum þátttakenda. Einnig byggir hún á svörum þeirra við matsspurningum sem lagðar voru fyrir þátttakendur á matsfundi hópsins þann 7. maí 2008. Sjá matsspurningar í fylgiskjali 1 með skýrslunni.

## 1. Tilgangur og markmið

Tilgangurinn með starfendarannsóknum er að byggja upp námssamfélag í MS sem veitir starfsfólki tækifæri til að bæta sig í starfi og þróa eigin starfsaðferðir til að skapa betri skilyrði til námsárangurs fyrir nemendur.

Helstu markmiðin með starfendarannsóknum starfsmanna Menntaskólans við Sund eru:

- Að efla kennara, námsráðgjafa, bókasafnsfræðinga og stjórnendur í starfi.
- Að veita kennurum tækifæri til að þróa eigin kennsluhætti.
- Að veita námsráðgjöfum og bókasafnsfræðingum tækifæri til að þróa eigin starfshætti.
- Að veita stjórnendum tækifæri til að þróa stjórnunaraðferðir sínar.
- Að styrkja og þróa sjálfsmat.
- Að byggja upp námssamfélag.
- Að fylgja eftir nemenda- og starfsmannakönnunum.
- Að bæta skólastarf.
- Að gera nám nemenda skilvirkara og innihaldsríkara.
- Að bæta námsárangur nemenda.

Sameiginleg markmið hópsins hafa verið að auka meðvitund nemenda fyrir því að bera ábyrgð á eigin námi, auka virkni nemenda og beina athyglinni sérstaklega að námi. Hver starfsmaður hefur síðan sett sér sín eigin markmið með sinni rannsókn.

Umræðan um ábyrgð nemenda á eigin námi hefur verið áberandi innan kennslufræðinnar á undanförunum árum og kemur það m.a. fram í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla og Evrópsku tungumálamöppunni. Ósa Knútsdóttir verkefnisstjóri okkar fjallar m.a. um ábyrgð nemenda í meistararitgerð sinni um þjálfun munnlegrar færni í dönskunámi. Þar vísar hún í kennslufræðingana Leni Dam og Henry Holecs um að sjálfstæði nemenda byggist á því að nemandinn taki sjálfur stjórnina og um leið ábyrgð á eigin námi með því að setja sér markmið og leita leiða til að ná þeim. Forsendan fyrir því að þetta takist er annars vegar góð samvinna milli kennara og nemenda og hins vegar hópvinna nemenda. Hlutverk kennarans er ekki aðeins að kenna ákveðið námsefni heldur einnig ákveðnar vinnuaðferðir í námi og gera nemendur meðvitaða um hvernig þeir læra til að þeir geti sjálfir stýrt námsferlinu. (Ósa Knútsdóttir, 2007: bls.15)

Í bók sinni Teaching Today fjallar Geoff Petty um muninn á virkum og óvirkum nemendum og mikilvægi þess að kennarar leggi áherslu á virkni nemenda. Kennarar þurfa að líta á sig sem leiðbeinendur eða stjórnendur náms og hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin námi. Meðal leiða sem Petty nefnir eru að fá nemendur til að setja sér markmið, fá nemendur til að hugsa sjálfstætt með hópvinnu og umræðum og fá nemendur sjálfa til að meta eigin verkefni og nám. (Petty, 2004: 55-57)

Hafþór Guðjónsson hefur þýtt á íslensku lýsingu á andstæðum sjónarmiðum óvirkra og virkra nemenda til kennslu og náms. (Hafþór Guðjónsson, 2008b) Gagnlegt er fyrir kennara að ræða um þessi andstæðu sjónarmið við nemendur til að auka skilning þeirra á því að þekking er ekki föst stærð heldur sköpun einstaklings í gegnum reynslu hans af hlutunum.

Starfendarannsóknir veita kennurum og öðru starfsfólki í skólum tækifæri til að þróa starfshætti sína á skipulagðan hátt með markvissri gagnaöflun og túlkun gagnanna. Hafþór ráðgjafi okkar hefur bent á mikilvægi þess að eignast gögn um eigið starf:

Aðalatriðið er að starfsfólkið eignast gögn um eigið starf, gögn til að rýna í og ræða um við aðra, gögn til að byggja á þegar kemur að því að skipuleggja og endurskipuleggja

starfið. Það sem háir einkum þróun kennarastéttarinnar til aukinnar fagmennsku er skortur á skráningu, að það sem gert er, til dæmis í skólastofu, sé að einhverju marki og á einhvern hátt skráð þannig að starfsþekking skólafólks verði sýnileg. (Hafþór Guðjónsson, 2008a: 6)

Markmiðið er að byggja upp námssamfélag ( learning community) í MS þar sem starfsfólk vinnur að sameiginlegum markmiðum og lærir af reynslu hvers annars og starfshættir eru í stöðugri þróun. Louise Stoll, breskur kennslufræðingur, skilgreinir námssamfélag á eftirfarandi hátt:

A professional learning community is an inclusive group of people, motivated by a shared learning vision, who support and work with each other, finding ways, inside and outside their immediate community, to enquire on their practice and together learn new and better approaches that will enhance all pupils' learning (Stoll, 2006)

Hún bendir á að það sé erfitt verkefni að byggja upp námssamfélag í skólum og mikilvægt að hafa ekki aðeins kennara með í því verkefni heldur alla starfsmenn og nemendur skólans. Í því sambandi er einnig átt við starfsmenn sem vinna á skrifstofu, bókasafni og í mötuneyti skólans. (Bolam; Stoll og Greenwood, 2007: 19-20)

## 2. Lýsing á framkvæmd

### 2.1. Starfendarannsókn

Starfendarannsókn er rannsóknaraðferð til að meta starf sitt með það að markmiði að bæta það eða fá staðfestingu á að vel sé gert.

Hafþór Guðjónsson ráðgjafi okkar vill skilgreina starfendarannsókn vítt og á grundvelli hugmynda um nám sem félagslegt fyrirbæri. Hafþór skilgreinir starfendarannsókn á eftirfarandi hátt:

Í stuttu máli má segja að starfendarannsókn sé rannsókn sem starfsmaður gerir á eigin starfi í því augnamiði að skilja það betur og þróa til betri vegar. Grunnhugmyndin er að læra í starfi: taka til athugunar reynslu sem maður verður fyrir og þá með þeim ásetningi að átta sig betur á því sem maður er að gera og hvaða afleiðingar gerðir manns hafa. (Hafþór Guðjónsson, 2008a: 3)

Hafþór telur að starfendarannsókn felist í að:

- leysa aðkallandi praktísk vandamál
- þróa starfshætti sína
- gefa fólki tækifæri til að tala saman
- þróa samstarfshætti
- þróa orðræðu
- læra að tala saman og hlusta
- gefa fólki tækifæri til að segja það sem því býr í brjósti
- rannsaka eigið gildismat
- endurnýja sjálfan sig
- opna glugga gagnvart nýjum viðhorfum og nýrri þekkingu
- skapa nýja þekkingu
- læra að ígrunda eigin reynslu
- finna dýpri merkingu í starfi. (Hafþór Guðjónsson, 2007)

Í starfi okkar í MS höfum við byggt á hugmyndum og kenningum Jean McNiff. Hún ásamt Jack Whithead settu fram eftirfarandi skref í starfendarannsóknarferlinum eða spirálnum eins og Jean leggur áherslu á að ferlið sé (þýðing HP):

Hvernig bæti ég starf mitt?

- Hvaða efni hef ég áhuga á að rannsaka?
- Hvers vegna vil ég rannsaka þetta efni?
- Hvers konar gagna get ég safnað til að sýna ástæður fyrir áhuga mínum á þessu efni?
- Hvað get ég gert?
- Hvað ætla ég að gera?
- Hvaða gagna get ég aflað til að sýna að það sem ég geri hafi áhrif?
- Hvernig get ég útskýrt þau áhrif?
- Hvernig get ég gengið úr skugga um að niðurstöður mínar séu réttar og sanngjarnar?
- Hvernig ætla ég að meta réttmæti útskýringar minnar sem byggir á gögnunum?
- Hvernig ætla ég að breyta hugmyndum mínum og starfsháttum í ljósi matsins? (McNiff og Whitehead, 2006:79)

Jean leggur áherslu á ígrundun í starfendarannsóknum og mikilvægi þess að skrifa dagbók um hugleiðingar sínar, sjálfan sig og allt sem gerist í starfinu. Allir þátttakendur í MS skrifa dagbók eða minnispunkta og langflestir beita einnig þeirri rannsóknaraðferð að leggja spurningar fyrir nemendur sína, ýmist opnar eða lokaðar spurningar. Sjá sýnishorn í fylgiskjali 2 um lokaðar spurningar og fylgiskjali 3 um opnar spurningar. Að auki nota starfsmenn MS ýmsar aðrar aðferðir við gagnaöflun. Þær helstu eru viðtöl við nemendur, myndbandsupptökur, segulbandsupptökur, ljósmyndir og þáttökuathuganir.

Annar mikilvægur þáttur í starfendarannsóknum er að hafa bandamann eins og Jóna Guðbjörg Torfadóttir og dr. Hafdís Ingvarsdóttir benda á í grein sinni um starfendarannsókn Jónu í Uppeldi og menntun. „Samkvæmt skilgreiningu Hafdísar eru bandamenn samkennarar sem ræða saman um starf sitt af hreinskilni og fá álit hvor eða hver hjá öðrum. Þannig geta þeir fengið nýjar hugmyndir og skipst á skoðunum og eftt með því sjálfsmýnd sína og sjálfstraust í starfi.“ (Jóna Guðbjörg Torfadóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2008b: 49)

## 2.2. Rannsakendur og rannsóknarefni

Á síðasta skólaári störfuðu tveir hópar að starfendarannsóknum í MS. Þetta var þriðja skólaárið sem annar hópurinn starfaði en í hinum hópnum voru allir nýliðar á þessu sviði.

Eftirfarandi starfsmenn tóku þátt í starfendarannsóknum í MS skólaárið 2007-2008:

Nafn:	Starf:	Rannsóknarefni:
Bára Ólafsdóttir	Bókasafnsfræðingur	Útlán kennslugagna
Björg Ólínudóttir	Dönskukennari	Talþjálfun
Björk Erlendsdóttir	Forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar	Prófkvíðanámskeið
Halla Kjartansdóttir	Íslenskukennari	Gera nemendur meðvitaðri um eigin námsvenjur
Hannes Hilmarsson	Stærðfræðikennari og náms- og starfsráðgjafi	Hugtakanám



<b>Nafn:</b>	<b>Starf:</b>	<b>Rannsóknarefni:</b>
Hjördís Þorgeirsdóttir	Konrektor	Faglegt samstarf kennara
Ingeborg G. Breiðfeld	Þýskukennari	Hópverkefni og fyrirlestrar nemenda
Ingibjörg Atladóttir Þormar	Fagstjóri í hagfræði	Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Jóhann G. Thorarensen	Enskukennari	Samskipti kennara og nemenda
Jóna Guðbjörg Torfadóttir	Íslenskukennari	Umræðuaðferðir
Ósa Knútsdóttir	Fagstjóri í dönsku	Jafningjamat og þjálfun ritfærni
Pétur Rasmussen	Sviðstjóri og dönskukennari	Að gera nemendur meðvitaða um kennslufræði tungumálanáms
Rúnar Þorvaldsson	Eðlisfræðikennari	Könnun og spurningakeppnir
Sigurrós Erlingsdóttir	Kennslustjóri	Að setja mörk á ákveðinn og vinsamlegan hátt – um mætingu og agamál
Sjöfn Guðmundsdóttir	Fagstjóri í lífsleikni og sálfræði- og myndlistarkennari	Sókratísk umræðuaðferð
Sólveig Krista Einarsdóttir	Líffræðikennari	Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Þorbjörn Guðjónsson	Fagstjóri í efnafræði	Hópvinna nemenda

### **2.3. Samstarf við Borgarholtsskóla**

Í vetur tókum við upp samstarf við hóp kennara í Borgarholtsskóla sem var að vinna að þróunarverkefni á þessu sviði eins og við í MS. Þau voru með sama ráðgjafa og við, Hafþór Guðjónsson, dósent við KHÍ. Verkefnisstjóri þeirra er Magnús Ingólfsson, kennslustjóri og kennari í félagsgreinum.

Samstarfið hófst á því að Hjördísi konrektor MS var boðið í Borgarholtsskóla til að hlýða á kynningar á rannsóknarverkefnum þátttakenda í desember 2007. Þar komu í ljós svipaðar áherslur og hjá kennurum í MS þ.e. að auka virkni nemenda og gera þá að ábyrgari þátttakendum í námi sínu.

Laugardaginn 2. febrúar 2008 var haldinn sameiginlegur vinnufundur starfendarannsóknarhópanna í MS og BHS með Jean McNiff, prófessor við St. Mary's University College í London. Fundurinn var haldinn í MS. Þar var Jean með innlegg um hvernig unnið er að starfendarannsóknum, hópvinna, umræður og kynningar á verkefnum frá Sjöfn og Hannesi í MS og Guðrúnu og Aroni frá BHS. Jean McNiff dreifði fjölríti sínu: Action research for professional development. Concise advice for new action researchers. Það er aðgengilegt öllum á heimasíðu hennar. (McNiff, 2008) Jean lagði áherslu á dagbókarskrif í starfendarannsóknum og að skapa þekkingu (to make a claim to knowledge) út frá sínum rannsóknargögnum. Hún vill að kennarar verði fagstétt sem byggir á eigin rannsóknum .

Föstudaginn 4. apríl 2008 héldum við opna ráðstefnu um starfendarannsóknir í Borgarholtsskóla, í samstarfi við Samtök áhugafólks um skólaþróun, undir yfirskriftinni: Að rjúfa einangrun kennara. Sjá dagskrá í fylgiskjali 4.

Þar héldu Jean McNiff og Hafþór Guðjónsson almenn inngangserindi um starfendarannsóknir, fjórir kennarar sögðu reynslusögur af starfendarannsóknum og í lokin var stofnað Félag um starfendarannsóknir. Helgi Grímsson, formaður Félags áhugafólks um skólaþróun var ráðstefnustjóri.

Á annað hundrað manns sótti ráðstefnuna, skólafólk af öllum skólastigum. Glærur af erindum og aðrar upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á heimsíðu Samtaka áhugafólks um skólaþróun (skolathroun.is). (Félag áhugafólks um skólaþróun, 2008)

### 3. Niðurstöður og mat

#### 3.1. Rannsóknarniðurstöður

Það kemur skýrt fram í skýrslum þátttakenda um starfið í vetur, glærुकyningum þeirra á fundum og ráðstefnum og svörum þeirra við matsspurningum á fundi hópsins þann 7. maí 2008 að sameiginleg áhersla hópsins er að beina athyglinni að námi nemenda, að auka virkni nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu. Þetta gera kennarar m.a. með því að leggja áherslu á eftirfarandi:

- fjölbreytni í kennsluaðferðum
- hópvinna nemenda
- umræður nemenda
- jafningjamat og sjálfsmat nemenda
- umræður við nemendur um kennslufræði
- aukið samráð við nemendur um innihald og aðferðir.

##### 3.1.1. Fjölbreytni

Allir kennararnir í starfendarannsóknarhópnum leggja áherslu á fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum til að auka námsáhuga nemenda og virkni þeirra í kennslustundum. Þeir telja það mikilvægt að hafa fjölbreytni í aðferðum yfir skólaárið bæði í kennsluaðferðum og verkefnavinnu nemenda.

Halla segir á miðjum vetri:

Ég er svo alltaf að þróa nýjar kennsluaðferðir og nú síðast var ég að prófa sérlega skemmtilega hópvinna í setningafræðikennslu þar sem ég gerði hvern hóp ábyrgan fyrir einu hugtaki. Málin voru rædd fram og aftur í hópnum og svo fór hver hópur í kennarastellingar og kenndi hugtakið með útskýringum og sýnidæmum á töflunni. Þetta var mun fjölbreytilegra og skemmtilegra en þegar ég er ein með glærusýningu eða fyrirfram tilbúin verkefni. (Halla Kjartansdóttir, 2008)

Björg segir í sinni skýrslu:

Ég reyndi einnig að hafa fjölbreytt verkefni í munnlegri þjálfun, bæði munnleg verkefni sem nemendur undirbjuggu eftir heimildum af netinu eða annars staðar frá, að lesa og

segja brandara, búa til samtal ímyndaðra persóna og flytja fyrir bekkinn (sbr. Peel sögu mína). (Björg Ólínudóttir, 2008)

### 3.1.2. Hópvinnu nemenda

Ein af þeim leiðum sem kennarar fara til að auka fjölbreytni í námsaðferðum er að hafa margbreytilega hópvinnu nemenda t.d. fjalla sex skólasögur (PEELsögur) þátttakenda um hópverkefni nemenda og í mörgum skýrslum er rætt um hópvinnu nemenda.

Rúnar setti t.d. upp þrenns konar spurningakeppnir milli hópa með krossaspurningum, eyðufyllingum og satt/ósatt spurningum. Þetta skapaði spennu milli hópa og nemendur virtust hafa gaman af þessu formi. Hann segir í skýrslu sinni hafa lært af þessu að:

- Þetta form hentar mjög vel til upprifjunar á námsþáttum.
- Þetta eflir samvinnu og hópvitund.
- „Getuminni“ nemendur sýna ákveðið frumkvæði sem getur nýst þegar umræður skapast innan hóps.
- Fjölbreytni spurningaformsins laðar fram mismunandi hæfileika nemenda.
- Þetta form brýtur upp kennsluna og getur eftt tengsl kennara og nemenda auk þess að stuðla að meiri samkennd nemenda. (Rúnar Þorvaldsson, 2008)

Rúnar bendir ennfremur á að „nám er eitthvað sem gerist innra með nemandanum en ekki einungis vegna ytri verknaðar kennarans. Það er kennarans að skapa nemendum þær ytri aðstæður þannig að hann glæði hið innra ferli sem við köllum nám.“ (Rúnar Þorvaldsson, 2008)

Þorbjörn hefur lagt áherslu á að þróa hópvinnu nemenda í efnafræði þar sem sterkari nemendur aðstoða þá veikari í 3-5 manna hópum. (Þorbjörn Guðjónsson, 2008a) Skólasaga hans fjallar einnig um hópvinnu sem hann kallar 1-2-4 aðferðina við dæmareikninga. „Aðferðin gekk út á það að fyrst reyndi nemandinn sjálfur við dæmið í smá stund, síðan bæri hann sig saman við sessunaut sinn. Þegar þeir væru sáttir áttu þeir að bera sig saman við aðra tvo.“ (Þorbjörn Guðjónsson, 2008b)

### 3.1.3. Umræður nemenda

Umræður nemenda um námsefnið eru afar mikilvægar til að stuðla að auknum skilningi nemenda á efninu og til þess að þau geti prófað og þróað hugmyndir sínar.

Í vetur lagði Jóna áherslu á að prófa ýmsar umræðuaðferðir.

Ég byrjaði á nokkuð hefðbundinni umræðuaðferð, þ.e.a.s. ég raðaði upp stólum og settist í hring með nemendum. Í næsta umræðutíma dró ég mig til hlés og gerðist ritari umræðunnar til að virkja betur nemendur. Ég setti oftast upp umræðuhringi og ennfremur markvissari aðferðir og útfærðari, á borð við hugarkort og púslaðferð. Loks setti ég upp n.k. pallborð, en það er aðferð sem Halla sagði mér frá. Pallborðið gekk þannig fyrir sig að ég úthlutaði nemendum sögur svo að þeir gætu undirbúið sig; 2-3 nemendur áttu að sitja fyrir svörum og annar eins fjöldi var í hlutverki spyrja. Ég tók að mér hlutverk ritara og skráði allt jafnharðan og hlutlaust, og birti síðan á Námsnetinu. (Jóna Guðbjörg Torfadóttir, 2008a)

Sjöfn hélt áfram að þróa sókratíska umræðuaðferð í lífsleikni í vetur. Markmiðin með umræðutímunum eru:

- Að allir nemendur tjái sig.
- Að nemendur flytji góð rök fyrir máli sínu.
- Að nemendur hlusti á aðra.
- Að nemendur sýni hver öðrum kurteisi og virðingu.
- Að bæta mat á frammistöðu í umræðu. (Sjöfn Guðmundsdóttir, 2008b: 1)

Sjöfn lagði áherslu á að bæta matsblöðin, sjá sýnishorn í fylgiskjali 4 og kanna hvernig nemendur upplifa þessa aðferð. Í janúar 2008 lagði hún eina opna spurninguna fyrir nemendur eftir sókratískar umræður um lífstíl, frelsi og ábyrgð: Hvað fannst þér um umræðutímann?

Af 21 nemenda sem svöruðu voru 19 jákvæðir, einum fannst þetta tilgangslaust og öðrum fannst „ekki mikið“ um þetta. Margir tjáðu sig um hvað þeim fannst þetta skemmtilegt. (Sjöfn Guðmundsdóttir, 2008b: 2)

#### **3.1.4. Jafningjamat og sjálfsmat nemenda**

Einn þáttur í því að auka ábyrgð nemenda á námi sínu er að gera þau meðvitaðri um námsmat, tilgang þess og hvernig það er framkvæmt. Um leiðsagnarmat og mikilvægi þátttöku nemenda í námsmatsferlinu er m.a. fjallað um í tveimur greinum um námsmat sem bent var á sem lesefni í starfendarannsóknarhópnum í vetur. (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2007) (Rósa Maggý Grétarsdóttir og Sigurbjörg Einarsdóttir, 2006) Nokkrir kennarar lögðu í sínum starfendarannsóknum sérstaka áherslu á þátttöku nemenda í námsmatsferlinu í vetur.

Sjöfn lagði áherslu á að þróa matsblað fyrir jafningjamat í sókratískum umræðum nemenda, sjá fylgiskjal 4.

Ósa fjallar m.a. um jafningjamat í sinni skýrslu:

Til þess að virkja alla nemendur bekkjarins og gera þau meðvituð um, hvaða þættir eru mikilvægastir í munnlegri kynningu, fékk hver nemandi í hendur matsblað þar sem viðkomandi átti að meta frammistöðu samnemenda sinna með því að merkja við tiltekin atriði (sjá meðfylgjandi matsblað). Þau fengu góða útskýringu á hugtökunum á blaðinu og leiðbeiningar um hvernig meta skyldi. Þetta gafst mjög vel og dæmdu þau bekkjarfélagana af bestu samvisku. .... Ég tók síðan blöðin og fór yfir þau og reiknaði einkunnir þeirra til jafns við mína. Skemmtilegt var að sjá að oft var ekki mikill munur á mati mínu og þeirra. (Ósa Knútsdóttir, 2008)

Ingeborg notaði sjálfsmat nemenda í hópverkefni nemenda í þýsku á vorönn 2008 og hafði þar eftirfarandi spurningar:

1. Verkaskipting: hver gerði hvað?
2. Var verkefnið áhugavert?
3. Hvað lærðum við?
4. Hvað hefði mátt gera betur/öðruvísi? (Ingeborg G. Breittfeld, 2008)

### **3.1.5. Umræður við nemendur um kennslufræði**

Pétur leggur áherslu á að ræða við nemendur um kennslufræði tungumálanáms og fá þá til að átta sig á kennslufræðinni á bak við námsmat. Pétur kynnti starfendarannsókn sína á ráðstefnu um norræna kennaramenntun í Reykjavík í vor. Í þeirri kynningu segir hann:

Første del gik ud på at give eleverne viden om sprogindlæring. Udgangspunktet var konstruktivismen og formålet var at skaffe eleverne redskaber til selvanalyse, her om sprogtilegnelse. I meget små portioner fortalte jeg, når undervisningen i øvrigt gav anledning til det, lidt om de forskellige færdigheder og forskellen på sprogundervisning og naturlig sprogtilegnelse. Jeg forsøgte at gøre hver enkelt elev opmærksom på egne stærke og svage sider og at gøre klassen bevidst om hvilke kompetencer bestemte øvelser gav. ....

Mit andet projekt, i år, er så gået ud på at gøre eleverne opmærksomme på kriterier for bedømmelse. Elever kan lægge vægt på at gøre ting rigtigt i præstationerne som er af mindre betydning, og glemme at tage hensyn til forhold der er vigtige for bedømmelsen.

I begge tilfælde inddrages eleven som diskussionspartner om undervisningen og får bedre forudsætninger for at udvikle sine sprogfærdigheder positivt. (Pétur Rasmussen, 2008)

Hannes er hættur að kenna stærðfræðina fyrst og fremst í gegnum dæmi eins og áður heldur kennir hann stærðfræði sem hugtakanám með áherslu á lesskilning nemenda.

Það þýddi að ég eyði 80% af stærðfræðitímum mínum hér í MS í að útskýra fyrir nemendum mínum hugtök og sýnidæmi og svo 20% í að reikna dæmi. Var öfugt. Lögmál sem ekki má brjóta í stærðfræðikennslu: Lesa fyrst og reikna svo. Fimm stjörnu setning: \*\*\*\*\* Lesturinn er sú orka sem knýr áfram greindina þína.

Þetta þýðir t.d. það að einn félagsfræðibekkur skólans sem ég kenni núna fór að lesa stærðfræði hér í MS sem hann hafði ekki gert markvisst í grunnskóla. Meðaleinkunn bekkjarins í 10. bekk var 6,0, hæsta skyndiprófið þeirra í vetur í MS var 7,6. Þá lét ég þau standa upp og spilaði fyrir þau þjóðsönginn. (Hannes Hilmarsson, 2008)

### **3.1.6. Samráð við nemendur**

Í skýrslum þátttakenda og mati þeirra á starfendarannsókninni kemur fram að kennarar hafa aukið samráð sitt við nemendur um skipulag kennslu, val á námsefni, tímasetningar og fleira til að auka ábyrgð þeirra á námi sínu. Mjög algengt er að kennarar leggi spurningar fyrir nemendur um námið og kennsluna, sjá dæmi um opnar og lokaðar spurningar til nemenda í fylgiskjölum 2 og 3.

Einn þátttakenda segir: „Ég hef aukið samráð við nemendur um námsmat, verkefnaskil og kennsluaðferðir.“ Annar segir: „Umræðan og rannsóknir í hópnum hafa leitt til þess að ég lít á nemendur frekar sem samstarfsfólk en einhverja sem ég „er að vinna við að breyta“. Þriðji segir: „Ég lagði könnun fyrir einn bekk og hef reynt að taka mið af óskum þeirra m.a. um meiri æfingu í talaðri dönsku“. Fjórði segir: „Hef í auknum mæli nýtt mér viðhorf og forþekkingu nemenda sem kennsluefni“. (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2008a)

Sólveig Krista segir í sinni skýrslu að eitt af hennar markmiðum sem kennari sé að: „Hafa nemendur með í ráðum, ákveða hluti í sameiningu (t.d. námsmat, glósur, kennslufyrirkomulag) allavega vera með valmöguleika.“ (Sólveig Krista Einarsdóttir, 2008)

Jóhann segir í sinni skýrslu: „Eftir nemendamati fór ég að hugleiða hvernig hægt væri að koma til móts við þessa nemendur á þeirra forsendum, þ.e.a.s. að sníða námið meira að þeirra óskum.“ (Jóhann Thorarensen, 2008)

### **3.1.7. Rannsóknir annars starfsfólks**

Rannsóknir annarra starfsmanna en kennara beindust einnig að nemendum og ábyrgð þeirra á hegðun sinni en þó beindust rannsóknir stjórnendanna einnig að kennurum.

Björk beindi sjónum sínum að þróun prófkvíðanámskeiðs í samvinnu við nemendur. Hún segir m.a. í skýrslu sinni:

„Þróunin hefur orðið sú að mun minna er um fyrirlestra og meira um að nemendur vinni verkefni í tíma og ræði síðan. Þess vegna er trúnaður eitt lykilatriði og í upphafi hvers námskeiðs er samkomulag gert við nemendur um að trúnaður ríki í hópnum. Þannig geta nemendur tjáð sig óhindrað og ég hef fundið að samheldni hefur skapast hjá nemendum sem hafa komið saman á námskeiðið. Einnig hafa eldri nemendur haft góð og uppbyggjandi áhrif á yngri nemendur á námskeiðinu.“ (Björk Erlendsdóttir, 2008)

Bára setti sér það markmið að skoða og taka fastari tókum útlán á kennsluefni til nemenda til að fækka vanskilum. Um árangurinn segir Bára eftirfarandi í skýrslu sinni:

„Niðurstaða átaksins var sú að vanskilum fækkaði um 19% milli ára, úr 959 í 777. Þessi niðurstaða er fengin með því að bera saman vanskilalistana frá skólaárinu 2006-2007 við núverandi skólaár 2007-2008. Þar sem harðar var tekið á vanskilum þá fjölgaði þeim sem voru útlokaðir (rauði miðinn) frá kennslubókarlánunum úr 22 í 35 en skilaboðin urðu skýr. Það er að mínu mati mikilvægt í þessu starfi að skilaboð til nemenda séu einföld og skýr frá fyrsta degi svo þau skilji um hvað málið snýst og þá stefnir þetta í rétta átt sem er að sjálfsögðu – engin vanskil.“ (Bára Ólafsdóttir, 2008)



Sigurrós setti sér það markmið að setja mörk á ákveðinn og vinsamlegan hátt um mætingu og agamál. Hún segir m.a. í skýrslu sinn: „Ég hóf markvissa vinnu við forvarnir í samráði við foreldra ólögráða nemenda. Jafnframt lagði ég mig fram um að vinna að viðvörun og úrskurði um skólasóknarbann á faglegan hátt.“ (Sigurrós Erlingsdóttir, 2008b) Um viðtöl við nemendur vegna agamála segir hún m.a.:

Mikilvægt er að fá nemendur til að tjá sig um hegðun sína og umkvörtunarefni kennara. Vænlegasta leiðin til breyttrar hegðunar í kennslustundum kemur innan frá og viðtölin miðast að því að hjálpa nemendum til að vilja breyta hegðun sinni. Ég reyni að beina nemendum á þá braut að einbeita sér að því sem þau geta breytt og höfða líka til ábyrgðar þeirra gagnvart bekkjarfélögum sínum. Jafnframt reyni ég að fá þau til að ímynda sér hvernig hegðun þeirra komi kennara og bekkjarfélögum hugsanlega fyrir sjónir. (Sigurrós Erlingsdóttir, 2008a)

Hjördís setti sér það markmið að vinna að því að efla faglegar umræður innan MS. Það gerði hún m.a. með því fjölga frásögnum kennara af faglegu starfi á kennarafundum, gerð gátlista fyrir fagfundi og dæmalista um fagleg umræðuefni á fagfundum í samvinnu við fag- og sviðstjóra, styrkja faglegar umræður á fundum með nýjum kennurum í samvinnu við leiðsagnarkennara þeirra og stuðla að faglegum umræðum á kennarastofunni. (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2008b)

### **3.2. Skólasögur (PEEL sögur)**

Þann 24. janúar 2008 héldu starfendarannsóknarhóparnir sameiginlegan fund þar sem Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir meistaranemi í kennslufræði við KHÍ kynnti hugmynd sína að íslenskum verkefnabanka um PEEL sögur eða skólasögur.

Eygló segir um PEEL sögur á heimasíðu sinni:

Verkefnið PEEL (Project for Enhancing Effective Learning) hófst árið 1985 þegar hópur kennara í framhaldsskóla og fræðimanna í háskóla í Ástralíu ákváðu að vinna saman. Þeir höfðu áhyggjur af fjölda nemenda sem var óvirkur, hugsunarlaus og ósjálfstæður í námi, jafnvel þó að kennslan væri augljóslega árangursrík. Þeir ákváðu að rannsaka skólastofu með það fyrir augum að gera námsumhverfið hvetjandi og örva nám nemendanna svo að þeir verði upplýstari, sjálfstæðari og meðvitaðri um sína vitsmunalegu getu. Verkefnið fékk enga styrki og var ekki gert að frumkvæði yfirvalda.

PEEL-kennararnir ákváðu að hittast reglulega í sínum eigin tíma og deildu með sér og ræddu sína reynslu, hugmyndir og nýjar leiðir. (Eygló Sigurðardóttir, 2008)

PEEL verkefnið hefur nú verið í gangi í 23 ár og hafa alls 1450 reynslusögur kennara um 220 ólíkar kennsluaðferðir verið gefnar út í tímaritum, á geisladiskum og á heimasíðu PEEL <http://www.peelweb.org/>. (PEEL, 2008)

Á fundinum með Eygló í MS var ákveðið að hluti af starfendarannsókninni í MS í vetur yrði að búa til PEEL sögu eða skólasögu og að þær yrðu allar settar inn á sérstakt svæði á Námsneti MS. Eygló gæti síðan fengið þessar sögur í sinn verkefnabanka ef hún óskaði þess.

Fjórtán skólasögur voru settar inn á Námsnetið. Sex sögur fjalla um hópverkefni nemenda, ein um paraverkefni, ein um einstaklingsverkefni og ein um þankahrið heils bekkjar Tvær sögur fjalla um leiðir til að bæta aga í bekk og þrjár sögur fjalla um aðrar hliðar skólastarfs en kennslu. Sjá dæmi um skólasögu í fylgiskjali 6.

Sögur úr kennslustofunni eiga það allar sameiginlegt að leggja áherslu á að lýsa aðferðum sem auka virkni nemenda og gera kennslustundirnar fjölbreyttari og lífligri til að auka námsáhuga nemenda.

### **3.3. Fundir hópanna**

Hópanir funduðu á haustönn í sitt hvoru lagi mánaðarlega en á vorönn voru fjórir sameiginlegir fundir og einn í hvorum hópi. Á fundunum fjölluðu hópanir um markmið sín og einstaka rannsóknir, þátttöku í ráðstefnum, kynningar, skólasögur og síðu á Námsneti MS fyrir umræður milli funda og gögn. Varðandi sameiginlegu fundina þá voru tveir fundir um Peel eða skólasögur, sjá nánar í kafla 3.2, einn dagsfundur með kennurum úr Borgarholtsskóla ásamt Jean McNiff, sjá nánar í kafla 2.3 og síðan var fundur í lok vorannar þar sem rætt var um mat á starfinu í vetur sem og framhaldið.

Í upphafi haustannar fékk yngri hópurinn kynningu á starfendarannsóknum frá Hafþóri og Ósu sem og leshefti með átta gagnlegum greinum um starfendarannsóknir: (Baird, 1986); (Hafdís Ingvarsdóttir, 2001); (Hafþór Guðjónsson, 2000); (Hafþór Guðjónsson, 2003); (Lilja M. Jónsdóttir, 2007); (McNiff, Jean with Whitehead, Jack, 2002) (McNiff, Jean and Whitehead, Jack, 2006); (McNiff, Jean; Lomax, Pamela; Whitehead, Jack, 2003)

Á matsfundi beggja hópanna í vor, í svörum þátttakenda við matsspurningunni: Hvernig metur þú fundi hópsins? og í skýrslum þeirra um starfið í vetur kom fram að umræðufundur hópanna gefa þátttakendum mikið. Allir notuðu jákvæð lýsingarorð yfir fundina t.d. gagnlegir, mikilvægir, skemmtilegir, styðjandi, gefandi, góðir, faglegir, styrkjandi, ómetanlegir. Margir lögðu áherslu á að fundirnir efldu samkennd með samstarfsfólkinu og kveiktu hjá þeim hugmyndir. Einn sagði: „Umhverfi sem er faglegt og styðjandi, þroskaferli sem fer í gang á fundunum“, annar sagði: „Fór alltaf hress út af fundunum“, og þriðji sagði: „Hluti af samfélagi sem talar um kennsluna á annan hátt en gert er annarsstaðar.“ Einn skrifaði um fundina: „Efla samkennd. Auka starfsánægju. Víkka sjónarhornið. Auðvelda manni að finna lausnir á vandamálum.“ Og annar skrifaði: „Fundirnir voru ágætir, allir komust að með sitt og Hafþór hefur alltaf uppbyggjandi og hvetjandi aðkomu að málum.“ (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2008a)

Í skýrslu sinni sagði Jóhann enskukennari m.a. þetta um fundina:

Við deildum vandamálum og reyndum að koma fram með lausnir á þeim. Bara það að koma vandamálum eða hugrenningum í orð skerpir oft sýnina á það sem verið er að gera og gerir það framkvæmanlegt að takast á við það. Hvatning var mikil og stöðug og var góð fyrir að ég held alla aðila. Klapp á bakið er oft gott og maður gerir sér stundum ekki grein fyrir því fyrr en maður verður þess aðnjótandi. (Jóhann Thorarensen, 2008)

Fundirnir auka einnig skilning starfsfólks á störfum hvers annars: Starfsfólk sem ekki er í kennslu telur það lærdómsríkt og gagnlegt að fá innsýn í þau vandamál sem kennarar eru að glíma við í kennslustofunni og kennarar töldu gagnlegt að kynnast skólafarfinu út frá fleiri sjónarhornum:

Hópurinn var góður og þátttakendur voru ekki allir kennarar sem gerði það að verkum að það urðu fleiri fletir sem teknir voru til umræðna á fundunum. Athyglisvert fyrir alla aðila að fá innsýn inn í starf annarra starfsmanna skólans en einungis kennara. (Bára Ólafsdóttir, 2008)

Það er ljóst að fólk er sammála um ágæti fundanna og vilja margir hafa þá fleiri og lengri. Bent var á að betra væri að finna annan fundartíma, annað hvort í fundargati á miðvikudögum eða kl. 15-17 einhvern eftirmiðdaginn.

Ábendingar komu fram um að við mættum læra betur að gagnrýna rannsóknarvinnu hvers annars þegar rannsókn er kynnt á fundum, gott væri að fá fundargerð eftir hvern fund til að ýta undir áframhaldandi umræður á Námsnetinu og fá sent meira lesefni milli funda.

Sjöfn telur að við þurfum meiri tíma fyrir umræðu um rannsóknir okkar:

Núna í vetur hefur mikill tími farið í að skipuleggja kynningar og stærri fundi til að breiða út fagnaðarerindið. Það er af hinu góða og sýnir að við höfum verið að gera eitthvað af viti, fyrst fólk vill hlusta á okkur. En ég sakna góðu „feed back“ fundanna og vildi gjarnan geta haft lengri fundi næsta vetur, svo að við náum að ræða rannsóknarvinnuna betur. (Sjöfn Guðmundsdóttir, 2008b)

Björg taldi hópinn ekki mjög örvandi en þó gagnlegan.

Mér leið ágætlega í hópnum en hann virkaði á einhvern hátt ekki mjög örvandi eða hvetjandi. Það var eins og allur hópurinn væri frekar lengi að komast í gang. Ég held samt að við höfum öll haft heilmikið gagn af honum. (Björg Ólínudóttir, 2008a)

Ósa er sannfærð um mikilvægi samstarfsfundanna eins og kemur fram í hennar skýrslu um starfið í vetur en Ósa tók þátt í umræðufundum beggja hópanna í vetur sem verkefnisstjóri:

Ég tel mig mæla fyrir munn allra þátttakenda í starfendarannsóknunum í vetur er ég segi, að samvinna okkar í hópnum hefur verið mjög gefandi. Þessi samvinna sýnir greinilega hve mikils virði fagleg umræða er fyrir okkur skólafólk. Það er mikið rætt um einangrun kennara í starfi, kulnun og skort á tíma til þess að ræða starfið á faglegum nótum. Þessu höfum við breytt hér í MS því allir þeir sem taka þátt í starfendarannsóknunum, undir styrki leiðsögn Hafþórs, fá nú langþráð tækifæri til þess að setjast niður og ræða við kollegana, velta fyrir sér álitamálum og leita lausna. Við fræðumst hvert af öðru, fáum ný sjónarhorn á ýmis mál og ekki síst stuðning og uppörvun í starfi okkar. (Ósa Knútsdóttir, 2008)

### **3.4. Mat á kostum og ókostum starfendarannsókna**

Það er greinilegt á mati þátttakenda að þeir telja kosti þess að taka þátt í starfendarannsókn yfirgnæfa ókostina. Starfendarannsóknin eflir samstarf og eykur samkennd samstarfsfólksins, hvetur fólk til að skoða og endurmeta starfshætti sína, styrkir sjálfið, hvetur fólk til að prófa nýjungar í starfi og eykur fagmennsku.

Þegar spurð um áhrif á viðhorf nefna flestir breytingu á eigin líðan gagnvart starfinu t.d. meðvitaðri, glaðari, öruggari, óhræddari. Nokkrir nefna einnig breytingar á viðhorfum gagnvart nemendum og gagnvart því að taka upp nýjungar í starfi. Einn skrifaði: „Ég er farin að hugsa mun meira um að mikilvægast sé að nám fari fram í kennslustundum.“ Annar skrifaði „Óhræddari við að prófa eitthvað nýtt.“ Þriðji skrifaði „Tel mig meiri fagmann en áður.“ Það má álykta út frá þessu að starfendarannsóknir ýti undir faglega starfsþróun, minnki einangrun kennara í starfi og minnki líkur á kulnun í starfi. Margir nefna mikilvægi samstarfsins og fundir hópsins fá mjög jákvæða umsögn sbr. umfjöllun í kafla 3.3. hér að framan. Samstarfið eflir samkennd, fólk lærir hvert af öðru, eykur skilning milli námsgreina og starfshópa innan skólans. Þetta má túlka sem merki um að í MS sé að þróast námssamfélag (learning community).

Þegar spurð um áhrif á breytingar á starfsháttum lýsa þrettán með dæmum breytingum sem þeir höfðu gert á starfi sínu og fjórir fjalla almennt um breytingar en nefna ekki ákveðið dæmi. Þessi svör, skýrslur þátttakenda og skólasögur þeirra benda til þess að starfendarannsóknin stuðli að þróun skólastarfsins í MS.

Tímaskortur er helsti ókosturinn sem nefndur er því lítið svigrúm er á dagvinnnutíma til að sinna úrvinnslu gagna og ígrundun. En það er mikilvægt að starfsfólki sé veitt þetta svigrúm til að þátttakan hafi ekki öfug áhrif og verði „áminning um ódugnaðinn“ eins og einn orðaði það. Einnig var bent á möguleg persónuleg áhrif t.d. skrifaði einn að starfendarannsókn gæti „tekið á persónulega þar sem ýmislegt getur komið upp á yfirborðið sem fólk neyðist til að horfast í augu við.“

Ýmsar tillögur um úrbætur á starfi hópsins komu fram t.d. að útbúa eyðublað fyrir rannsóknar-áætlun, setja skýrari markmið fyrir byrjendur, endurskoða fundartímann, skrifa fundargerðir á samstarfsfundum, auka lesefni milli funda, auka tækjakost MS bæði til hljóð- og myndbandsupptöku, efla starf bandamanna og ýta undir gagnkvæmar heimsóknir í kennslustundir.

„Það er styrkur í hópnum, félagsskapnum, og þá ekki síst í bandamanni.“ en annar bendir á að ekki höfðu allir bandamann í hópnum og óskar eftir úrbótum á því: „Mér finnst ég vera of mikið ein t.d. fór aldrei af stað það sem talað var um snemma þ.e. að tengja fólk“. (Hjördís Þorgeirsdóttir 2008a)

### 3.5. Mat á framkvæmda- og kostnaðaráætlun

Framkvæmdaáætlun stóðst í stórum dráttum en umfang verkefnisins var þó endurskoðað í ljósi þess styrks sem fékkst í verkefnið. Kostnaðaráætlun var einnig endurskoðuð í ljósi þróunarstyrks sem fékkst frá menntamálaráðuneytinu en sótt var um styrk að upphæð 3.694.000 en styrkur fékkst að upphæð 500.000 kr.

#### **Sjálfsmat kennara: Rannsókn á eigin starfi framhaldspróunarverkefni 2007-2008**

**Áætlun um nýtingu 500.000 kr. þróunarstyrks frá menntamálaráðuneytinu:**

	Fjöldi	Tímakaup	Fjöldi tíma	Upphæð
Greiðslur vegna vinnu verkefnisstjóra	1	3.507	36	126.252
Greiðslur til starfsmanna	16	3.507	6	336.672
Fagleg sérfræðiaðstoð	1	5.000	40	200.000
Fundakostnaður				10.000
Annað				20.000
<b>Samtals:</b>				<b>692.924</b>

Ofangreind kostnaðaráætlun stóðst í stórum dráttum en þeir fjármunir dugðu þó ekki til að dekkja allan kostnað vegna starfendarannsóknarinnar í vetur. Menntaskólinn við Sund ásamt Borgarholtsskóla fengu einnig styrk að upphæð ... frá samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara til að halda námskeið um starfendarannsóknir í febrúar 2008 þar sem Jean McNiff var leiðbeinandi. Ennfremur greiddu MS og Borgarholtsskóli allan kostnað vegna opinnar ráðstefnu um starfendarannsóknir sem haldin var í Borgarholtsskóla í apríl 2008 þ.e. kostnað vegna húsnæðis, veitinga fyrir ráðstefnugesti, erlends fyrirlesara og blóm til allra fyrirlesara en þeir gáfu allir vinnu sína.

Hægt var að greiða hverjum starfsmanni 6 tíma fyrir vinnu sína við starfendarannsóknina og er það í raun aðeins táknræn greiðsla miðað við þann raunverulega tíma sem verkið tekur. Mikilvægt er þó að kennarar geta einnig sótt um launabrepshækkun til samstarfsnefndar MS og félagsmanna KÍ í MS fyrir þátttöku í starfendarannsókn vegna árangurstengingar launa á grundvelli nýbreytni- og þróunarstarfs.

### **3.6. Kynning á starfendarannsókn MS og framhaldið**

Hluti af því að taka þátt í starfendarannsókn er að kynna rannsókn sína fyrir öðrum. Jean McNiff leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að kennarar kynni rannsóknarniðurstöður sínar fyrir samstarfsfólki sínu og einnig opinberlega.

By producing your account of practice you are not only helping other practitioner to see how they can help themselves but also contributing to the public evidence base of practice, and to the public knowledge base of theory. (McNiff og Whitehead, 2006:169)


Kennarar í MS kynntu starfendarannsóknir sínar víða á síðasta skólaári eins og fyrri árin og fór töluverð orka eldri hópsins í að undirbúa þær. Finna má efni um flestar kynningarnar á heimasíðu MS, sjá eftirfarandi lista:

- Hannes í kennaranámi í KHÍ
- Jóna í kennsluréttindanámi í HÍ
- Jóna í mati á skólastarfi í HÍ
- Sjöfn á fundi starfshóps um þróun kennslu í neyslu- og umhverfisfræðum á vegum Evrópusamtakanna CCN í Aþenu
- Hafþór og Sjöfn á ráðstefnu um starfendarannsóknir í Borgarholtsskóla
- Hjördís og Sigurrós á kennarafundi í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
- Rúnar og Sólveig á kennarafundi í MS
- Hafþór, Jóna, Pétur og Þorbjörn á norrænni kennararáðstefnu í Reykjavík
- Hjördís og Sjöfn á sumarnámskeiði Félags uppeldis- og sálfræðikennara
- Hjördís fyrir finnska kennara í heimsókn í MS

Ennfremur skrifaði Hafþór grein í Netlu: Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund (Hafþór Guðjónsson, 2008a), Hjördís grein í Skólavörðuna: Starfendarannsókn í MS (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2007) og Jóna (ásamt Hafdís Ingvarsdóttur) grein í Uppeldi og menntun: Umbrot: Samskipti framhaldsskólakennara og nemenda. (Jóna Guðbjörg Torfadóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2008b)

Hópurinn mun síðan kynna rannsóknir sínar á árlegri ráðstefnu KHÍ (nú Menntavísindasvið HÍ) um rannsóknir, nýsköpun og þróun sem haldið verður 23. – 24. október 2008.

Varðandi framhaldið á starfendarannsóknum í MS þá er ákveðið að kennarar í erlendum tungumálum verða í vettvangsnámi á næsta skólaári á vegum samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara þar sem byggt er á starfendarannsóknum þátttakenda. Þeir munu því ekki starfa með í hópnum um starfendarannsóknir í MS það skólaár. Af þeim sökum má gera ráð fyrir einum hópi um starfendarannsóknir í MS á næsta skólaári og vonandi bætast nýir kennarar í hópinn. Tveir úr hópnum munu taka þátt í heils árs námskeiði um námsmat á næsta skólaári á vegum samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara og er því líklegt að námsmat verði ofarlega í umræðunni á næsta ári.



(McNiff, 2008)

## Lokaorð

Starfendarannsóknir eru komnar til að vera í MS. Það er okkar niðurstaða að þátttaka í starfendarannsókn sé lífsstíll frekar en afmarkað þróunarverkefni. Þetta sýnir líka spríall Jean McNiff um starfendarannsókn, henni lýkur aldrei, ný og ný viðfangsefni eru tekin fyrir og stöðugt umbótastarf á sér stað. Við teljum það lykilatriði að starfsmennirnir sjálfir skoði starf sitt með kerfisbundnum hætti til að bæta starfshætti sína og það er hlutverk skólans að veita þeim tækifæri til þess m.a. í gegnum þverfaglegt samstarf og með ráðgjöf.

Við erum meðvituð um að það er erfitt að vinna að umbótum á skólastarfi og sérstaklega erfitt verk að virkja nemendur og auka ábyrgð þeirra á námi sínu á tímum þegar skólinn á í harðri samkeppni við vinnu, tólmstundir, fjölmiðla og félaga nemenda okkar. En við viljum gera enn betur og munum halda áfram að þróa starfendarannsókn okkar í MS.

Við viljum þakka menntamálaráðuneytinu fyrir framhaldsþróunarstyrkinn, hann veitir starfendarannsóknum ákveðna viðurkenningu og er hvatning til okkar að halda áfram á sömu braut og að gera enn betur. Einnig viljum við þakka samstarfsnefnd um endurmenntun



framhaldsskólakennara, BHS og MS fyrir veitta styrki sem gerðu okkur kleift að halda dagsfund með Jean McNiff í febrúar 2008 og ráðstefnu um starfendarannsóknir í samstarfi við Samtök áhugafólks um skólaþróun vorið 2008. Við viljum þakka kennurum í BHS fyrir gefandi samstarf með von um að framhald verði á því. Að lokum þökkum við ráðgjafa okkar Hafþóri Guðjónssyni fyrir uppbyggjandi og styrkjandi samstarf og verkefnisstjóranum Ósu Knútsdóttur fyrir skipulagsvinnu og hvatningu.

A successful face to face team is more than just collectively intelligent. It makes everyone work harder, think smarter and reach better conclusions than they would have on their own. James Surowiecki. (Schmoker, 2006, bls. 105)

Virðingarfyllt.

Exeter 3. september 2008

---

Hjördís Þorgeirsdóttir

## Heimildir

Baird, J. R. (1986). Learning and Teaching. The need for change. In J. R. Baird, & I. J. Mitchell (Eds.), *Improving the Quality of Teaching and Learning: An Australian Case Study - The PEEL Project* (pp. 8-13). Melbourne: Monash University, Faculty of Education.

Bára Ólafsdóttir. (2008). *Skýrsla um starfendarannsókn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.

Björg Ólínudóttir. (2008b). *Saga úr dönskutíma*. Reykjavík: Óbirt efni. Menntaskólinn við Sund.

Björg Ólínudóttir. (2008a). *Skýrsla um starfendarannsókn*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.

Björk Erlendsdóttir. (2008). *Yfirlit yfir rannsókn á eigin starfi veturinn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.

Bolam, Ray, Stoll Louise og Greenwood, Angela. (2007). The involvement of support staff in professional learning communities. In *Professional Learning Communities. Divergence, Depth and Dilemmas* (pp. 17-29). Maidenhead: Open University Press.

Erna Ingibjörg Pálsdóttir. (2007). *Að hafa forystu um þróun námsmats*. Sótt 20. 1. 2008, frá <http://netla.khi.is/greinar/2007/010/index.htm>

Eygló Ragnheildur Sigurðardóttir. (2008). *PEEL - Árangursríkt skólastarf*. Sótt 2. 9. 2008, frá Hvað er PEEL?: <http://www.eyglo.com/PEEL/aboutpeel.htm>

Félag áhugafólks um skólaþróun. (2008). *Skólaþróun*. Sótt 9. 2. 2008, frá [www.http://skolathroun.is](http://www.skolathroun.is)

Hafdís Ingvarsdóttir. (2001). Understanding Teachers. Implications for Teacher Education. *Ráðstefna STÍL Fylgirit Málfríðar, tímarits Samtaka tungumálakennara*, bls. 3-7.

Hafþór Guðjónsson. (2000). Að rannsaka eigin rann. In F. H. Jónsson, & I. Hannibalsson (Eds.), *Rannsóknir í félagsvísindum III* (pp. 181-191). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hafþór Guðjónsson. (2003). Að rannsaka eigin rann frá pragmatískum sjónarhóli. Í F. H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 333-342). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hafþór Guðjónsson. (2007). *Starfendarannsóknir*. Reykjavík: Óútgefið efni Hafþór Guðjónsson.

Hafþór Guðjónsson. (2008b). *Starfendarannsóknir*. Sótt 26. 8. 2008, frá [www.http://starfsfolk.khi.is/hafthor/starfranns.htm](http://starfsfolk.khi.is/hafthor/starfranns.htm)

- Hafþór Guðjónsson. (2008a). *Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund*. Sótt 26. 8 2008, from <http://netla.khi.is/greinar/2008/002/index.htm>
- Halla Kjartansdóttir. (2008). *Efni um starfendarannsókn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefið efni. Menntaskólinn við Sund.
- Hannes Hilmarsson, H. (2008). *Rannsókn á eigin starfi - Að lesa stærðfræði*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla, Menntaskólinn við Sund.
- Ingeborg G. Breiðfeld. (2008). *Verkefni í þýsku*. Reykjavík: Óútgefið efni. Menntaskólinn við Sund.
- Hjördís Þorgeirsdóttir. (2008a). *Skýrsla um svör þátttakenda við matsspurningum um starfendarannsókn MS skólaárið 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Hjördís Þorgeirsdóttir. (2008b). *Starfendarannsókn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Hjördís Þorgeirsdóttir. (2007). Starfendarannsókn í MS. *Skólavarðan*, 7 (6), bls. 12-13.
- Jóhann Thorarensen. (2008). *Samskipti kennara og nemenda. Skýrsla um starfendarannsókn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Jóna Guðbjörg Torfadóttir. (2008a). *Skýrsla um starfendarannsókn - Umræðuaðferðir*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Jóna Guðbjörg Torfadóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2008b). Umbrot: Samskipti framhaldsskólakennara og nemenda. *Uppeldi og menntun*, 17 (1), bls. 47-67.
- Lilja M. Jónsdóttir. (2007). *Leiðarbók og ígrundun*. Sótt 17. 9. 2007, from [http://grunnskolaabrot.khi.is/NKS/Leidarbok og igrundun.doc](http://grunnskolaabrot.khi.is/NKS/Leidarbok%20og%20igrundun.doc)
- McNiff, J. (2008). *jeanmcniff.com*. Action research for professional development. Concise advice for new action researchers: Sótt 2. 2. 2008, frá <http://jeanmcniff.com/booklet1.html>
- McNiff, J. (2008). *jeanmcniff.com*. Sótt 2. 9. 2008, frá <http://www.jeanmcniff.com/index.html>  
Tvær heimildir eftir McNiff frá sama ári, verður ekki að setja 2008a og 2008b?
- McNiff, Jean með Whitehead, Jack. (2002). How to do action research. In *Action Research: Principles and Practice* (bls. 71-101). London: Routledge Falmer.
- McNiff, Jean og Whitehead, Jack. (2006). *All you need to know about Action Research*. London: Saga Publications.
- McNiff, Jean; Lomax, Pamela; Whitehead, Jack. (2003). Techniques for dealing with the data. In *You and your Action Research Project* (bls. 114-118). London: Routledge and Falmer.

- Ósa Knútsdóttir. (2007). *Munnleg færni Nu taler vi dansk. Þjálfun munnlegrar færni í dönsku í framhaldsskólum*. Reykjavík: Meistararitgerð við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Ósa Knútsdóttir. (2008). *Skýrsla um rannsókn á eigin starfi veturinn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- PEEL. (2008). *PEEL - Project for Enhancing Effective Learning*. Retrieved 9 2, 2008, from PEEL in Practice: <http://www.peelweb.org/index.cfm?resource=pip>
- Petty, G. (2004). *Teaching Today* (3 ed.). Cheltenham: Nelson Thornes.
- Pétur Rasmussen. (2008). Elevers metaviden — et stykke aktionsforskning. *Norræn kennararáðstefna*. Reykjavík.
- Rósa Maggý Grétarsdóttir og Sigurbjörg Einarsdóttir. (2006). Hvaða leiðir eru farnar í námsmati í framhaldsskólum? *Skólavarðan*, 7 (6), bls. 10-12.
- Rúnar Þorvaldsson. (2008). *Skýrsla vegna starfendarannsóknar*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Schmoker, M. (2006). *Results now*. Alexandria: ASCD Association for Supervision and Curriculum Development.
- Sigurrós Erlingsdóttir. (2008a). *PEEL-saga Rósu*. Reykjavík: Óútgefið efni. Menntaskólinn við Sund.
- Sigurrós Erlingsdóttir. (2008b). *Skýrsla um starfendarannsókn 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Sjöfn Guðmundsdóttir. (2008a). Að bæta umræður í lífsleikni. Sótt 25. 8. 2008, frá [www.http://skolathroun.is/?pageid=45](http://skolathroun.is/?pageid=45)
- Sjöfn Guðmundsdóttir. (2008b). *Starfendarannsókn. Skýrsla fyrir 2007-2008*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla, Menntaskólinn við Sund.
- Sólveig Krista Einarsdóttir. (2008). *Starfendarannsóknir. Nýjungar í kennsluháttum*. Reykjavík: Óútgefin skýrsla. Menntaskólinn við Sund.
- Stoll, L. (2006). *Creating Preferred Future: Schools with Agency. Árleg ráðstefna Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Þorbjörn Guðjónsson. (2008a). Rannsókn á eigin starfi-Undersökning av det egna arbetet. *Norræn kennararáðstefna*. Reykjavík.
- Þorbjörn Guðjónsson. (2008b). *PEEL saga: Hópavinna í stærðfræði*. Reykjavík: Óútgefið efni. Menntaskólinn við Sund.



**Fylgiskjal 1: Mat á starfendarannsókn í MS skólaárið 2007-2008**

**Mat á starfendarannsókn í MS skólaárið 2007-2008**

1. Hverjir eru kostir þess að taka þátt í starfendarannsókn?

---

---

---

---

2. Hverjir eru ókostir þess að taka þátt í starfendarannsókn?

---

---

---

---

3. Getur þú nefnt dæmi um hvernig þátttaka þín í starfendarannsóknarhópnum hefur breytt viðhorfum þínum til starfsins?

---

---

---

---

---

4. Getur þú nefnt dæmi um hvernig þátttaka þín í starfendarannsóknarhópnum hefur breytt kennslu/starfsaðferðum þínum?

---

---

---

---

---

---

---

---

5. Hvernig metur þú fundi hópsins?

---

---

---

---

---

6. Hefur þú áhuga á að halda áfram þátttöku í starfendarannsóknarhópi á næsta skólaári?

Já \_\_\_\_\_ Hvers vegna? \_\_\_\_\_

---

Nei \_\_\_\_\_ Hvers vegna ekki? \_\_\_\_\_

---

7. Hvaða breytingar væri hægt að gera til að bæta starfendarannsóknir í MS?

---

---

---

---

---

Takk fyrir þáttökuna

## ***Fylgiskjal 2: Dæmi um lokaðar spurningar til nemenda***

Mér finnst erfitt að skilja hugtök

- Aldrei
- Sjaldan
- Stundum
- Oft
- Mjög oft

Ég hef mikið gagn af heimaprófum

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Ég nýti mér námsbókina í eðlisfræði við nám mitt.

- Aldrei
- Sjaldan
- Stundum
- Oft
- Mjög oft

Ég tel að kennari útskýri námsefni vel

- Mjög ósammála
- Frekar sammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

**Dæmi um spurningar úr könnun sem Rúnar lagði fyrir nemendur í eðlisfræði í 2. bekk MS á haustönn 2007.**



### ***Fylgiskjal 3: Dagskrá ráðstefnu um starfendarannsóknir***

#### **Samtök áhugafólks um skólaþróun**

#### **Að rjúfa einangrun kennara**

#### **Ráðstefna um starfendarannsóknir**

**4. apríl 2008 í Borgarholtsskóla**

#### **Dagskrá**

- Kl. 13:00 Setning  
Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor við Menntaskólann við Sund
- Kl. 13:05 Action research for professional education  
Jean McNiff,
- Kl.13:40 Starfendarannsóknir og skólaþróun  
Hafþór Guðjónsson, dósent við Kennaraháskóla Íslands
- Kl.14:00 Sigurbjörg Einarsdóttir, íslenskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð
- Kl.14:30 Kaffihlé
- Kl.15:00 Að bæta umræður í kennslustofunni  
Sjöfn Guðmundsdóttir, lífsleiknikennari við Menntaskólann við Sund
- Kl.15:30 Nemendur spyrja og svara  
Ívar Rafn Jónsson, sálfræðikennari við Borgarholtsskóla
- Kl.16:00 Þróun náttúrufræðikennslu við Þjórskóla  
Bolette Hoeg Koch, grunnskólakennari við Þjórskóla
- Kl. 16:30 Stofnun Félags um starfendarannsóknir  
Léttar veitingar

***Fylgiskjal 4: Dæmi um opnar spurningar til nemenda***

What do you as a student in English find most difficult in the classes?

---

---

---

Why do you think that is?

---

---

What could a teacher do to help?

---

---

---

---

What could you do to help?

---

---

---

---

How much time do you think you spend a week to prepare for your English classes?

---

How much time do you think the teacher spends a week to prepare for your English classes?

---

**Dæmi um spurningar úr könnun sem Jóhann lagði fyrir nemendur í ensku í 1. bekk MS á haustönn 2007.**

## Fylgiskjal 5: Dæmi um matsblað í sókratískum umræðum

Viðmið fyrir mat frammistöðu hóps í umræðutíma.

Dags. \_\_\_\_\_

Hópur \_\_\_\_\_

Einkunn

Viðmið

10	Hópurinn er mjög virkur í umræðunni. Kemur með minnst þrenn rök fyrir máli sínu og segir frá dæmum. Meðlimir hópsins sýna öðrum kurteisi og virðingu og hlusta vel á skoðanir annarra, meta þau og koma með gagnrök. <b>Enginn</b> í hópnum hefur gerst sekur um að grípa fram í, einangra orðið eða tala niður til annarra.
9	Hópurinn er virkur í umræðunni. Kemur með minnst tvenn rök fyrir máli sínu og segir frá dæmum. Meðlimir hópsins sýna öðrum kurteisi og virðingu og hlusta vel á skoðanir annarra, meta þau og koma með gagnrök. Ekki fleiri en eitt tilvik þ.s. meðlimur í hópnum hefur gerst sekur um að grípa fram í, einangra orðið eða tala niður til annarra.
8	Hópurinn er virkur í umræðunni. Kemur með minnst ein rök fyrir máli sínu og segir frá dæmum. Meðlimir hópsins sýna öðrum kurteisi og virðingu og hlusta vel á skoðanir annarra, meta þau og koma með gagnrök. <b>Ekki fleiri en tvö tilvik þ.s.</b> meðlimur í hópnum hefur gerst sekur um að grípa fram í, einangra orðið eða tala niður til annarra.
7	Hópurinn nokkuð virkur. Vantar rök. <b>Ekki fleiri en þrjú tilvik um ókurteisi.</b>
6	Hópurinn nokkuð virkur. <b>Ekki fleiri en fjögur tilvik um ókurteisi.</b>
5	Hópurinn er virkur í umræðunni. En kemur ekki með rök fyrir máli sínu eða segir frá dæmum. Sleggjudómar. Meðlimir hópsins sýna þó kurteisi og virðingu. <b>Ekki fleiri en fjögur tilvik um ókurteisi.</b>
4	Hópurinn er alls ekki virkur í umræðunni. Kemur ekki með rök fyrir máli sínu eða segir frá dæmum. Meðlimir hópsins sýna ekki kurteisi og virðingu.
3	Falleinkunn. Sleggjudómar og ókurteisi.

Einkunn hópsins: \_\_\_\_\_

Rökstuðningur:

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ .....

Undirskrift: \_\_\_\_\_

Dæmi um jafningjamat sem Sjöfn lagði fyrir nemendur í lífsleikni í 1. bekk 2007-2008.



## ***Fylgiskjal 7: Dæmi um skólasögu***

### **Saga úr dönskutíma**

Ég er núna að kenna dönsku í 2. bekk eftir hádegi á föstudögum og er oft illa mætt og verið að kvabba um frí eða að fá að fara fyrr og tímarnir nýtast illa. Við höfum rætt það í bekknum hvernig best er að nýta þessa tíma og hugmyndir nemenda voru að nota þá annars vegar fyrir próf og hins vegar til að gera eitthvað öðruvísi sem gæti verið skemmtilegt. Þetta leist mér vel á og hef reynt að taka mið af því. Svo var það einn föstudag þegar ekki lá fyrir neitt próf að ég ákvað að prófa hugmynd sem ég kynntist á einhverju námskeiði (ég held námskeiði um leikræna tjáningu í tungumálakennslu).

Ég kom með föt í poka og stillti upp á 2 stóla í upphafi tíma eins og 2 manneskjur væru sem sætu hlið við hlið. Fyrir valinu varð annars vegar rauður kjóll, rauður hattur og rauðir hælaskór og á hinn stólinn setti ég gallabuxur, köflótta vinnuskyrtu lúðalegan sólhatt og kúrekaskó. Ég reyndi með þessu að gefa hugmynd um mjög ólíkar manneskjur. Svo skrifaði ég eftirfarandi spurningar á töfluna:

Hvem er disse 2 personer?

Hvor er de henne og hvorfor sidder de her?

Hvad snakker de om?

Og því næst fyrirmæli um að búa til samtál milli þeirra og flytja fyrir bekkinn.

Allir fóru í gang og unnu 2 og 2 saman í að svara þessum spurningum og undirbúa samtalið. Það passaði að nota fyrrihluta kennslustundar ca. 20 mín. til að undirbúa samtalið og restina af tímanum í að svara spurningunum fyrir bekkinn og leyfa okkur að heyra samtölin. En ég tek það fram að þetta er ekki stór bekkur og það voru 14 mættir í tímann. Þetta var mjög skemmtilegt og komu fram ótrúlega ólíkar hugmyndir um hvaða fólk þetta væri, allt frá einhverri gellu sem lenti í að bíllinn bilaði úti í sveit og bóndi á bænum og til Amish fólks sem var skiptinemar í Danmörku. Þau virtust ófeimin að tala fyrir þessar ímynduðu persónur, en það er oft erfitt að fá nemendur til að tala dönsku, þó svo þau óski eftir meiri æfingu í því.

Ég er að hugsa um að prófa þetta aftur seinna og þá kannski með jakkafatagæja með bindi og hins vegar stelpu í gamalli hippamussu og götöttum hlébarðabuxum eða e.t.v. síðan kjól og bara einn skó, eða hvað mér nú dettur í hug þegar þar að kemur. Kannski fullorðinn og barn. Það kemur sér allavega stundum vel að maður hendir aldrei neinu.

Björg Ólínudóttir